



Borgarráð

Verk Ólafs Eliassonar í Hallgrímskirkjuturni

Lagt er til að borgarráð samþykki að taka þátt í fjármögnun á ljósverki eftir Ólaf Eliasson í turni Hallgrímskirkju. Hlutur borgarinnar verði 20 m.kr á móti styrk ríkisins og annarra aðila, auk tekna af aðgangseyri. Vart þarf að nefna að list Ólafs Eliassonar er á heimsmælikvarða og tíðindi í sjálfu sér að verk sem endurvarpi regnboga sé fundinn staður í kirkju. Fáar staðsetningar slíks verks eru meira afgerandi en kirkjuturn Hallgrímskirkju og kallast verkið á áhugaverðan hátt á við regnbogalitina sem nú eru orðnir varanlegir neðst á Skólavörðustíg.

Líkt og fram kemur í umsögnum Listasafns Reykjavíkur og Menningar- og ferðamálasviðs er listrænt gildi verksins ótvírætt og talið að það muni enn frekar styrkja Hallgrímskirkjuturn og Skólavörðuholt sem áhugaverðan áfangastað borgarbúa og gesta borgarinnar. Heildarkostnaður er áætlaður 110 m.kr. Styrk borgarinnar verði deilt niður á þrjú ár og verður fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Dagur B. Eggertsson

Erindi sóknarnefndar Hallgrímskirkju, dags. 14. desember 2020.


Umsögn safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, dags. 4. janúar 2021.

Umsögn sviðstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 1. febrúar 2021.

Umsögn sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. apríl 2021.

HALLGRÍMSKIRKJA

SKÓLAVÖRÐUHOLT
PÓSTHÓLF 651 – 121 REYKJAVÍK
KT. 590169-1969
SÍMI 510 1000 – FAX 510 1010
HEIMASÍÐA: www.hallgrimskirkja.is



Reykjavík 14. 12. 2020

Erindi: Ósk um atbeina Reykjavíkurborgar að endurhönnun Ólafs Elíassonar á útsýnishæðum í turni Hallgrímskirkju

Til Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar

Sent til Huldar Ingimarsdóttur, skrifstofustjóra rekstrar og mannauðsmála

Í framhaldi af fundi okkar 1. desember síðastliðinn og samkvæmt því sem þar var ákveðið fer sóknarnefnd þess formlega á leit að Reykjavíkurborg styðji Hallgrímskirkju til þess að koma upp listaverki Ólafs Elíassonar í rými útsýnishæða og klukkuports kirkjunnar. Sótt er um 20 milljónir króna til viðfangsefnisins. Kjósi borgin að skipta slíkri styrkveitingu á nokkur ár væri það einnig góður kostur.

Gangi áætlanir eftir hyggst kirkjan ráðast í framkvæmdir á árinu 2021. Ferðamálaráðherra hefur þegar ákveðið að tryggja verkefninu 20 milljón króna stuðning. Hallgrímskirkja hefur einnig leitað til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu vegna þessa máls og óskað eftir vilyrði um stuðning við verkefnið á næstu árum.

Greinargerð:

Hallgrímskirkja er reist fyrir tilstuðlan Alþingis, borgarstjórnar og Þjóðkirkjunnar. Hún hefur orðið að táknmynd Reykjavíkur og öflugum ferðamannasegli. Hún er einn vinsælasti viðkomustaður ferðafólks á Íslandi, 1- 1.5 milljón ferðamanna koma í kirkjuna árlega. Þar af hafa 260 - 320 þúsund lagt leið sína upp í turn gegn greiðslu á síðustu árum.

Viðhald Hallgrímskirkju kostaði 120 milljónir króna á síðastliðnu ári og er jafnaðarlega um 100 milljónir á ári. Þetta væri gjörsamlega ofviða söfnuði sem hefur 30 milljónir króna í sóknargjöld á ári ef tekjur af ferðafólki kæmu ekki til. Næsta stórverkefni í múrviðgerðum er til dæmis áætlað að kosti 250 milljónir á kór kirkjunnar og annað eins er í pípunum á norðurhlið hennar sem ekki hefur verið lögð enn.

Tekjur af ferðafólki hafa verið kringum 300 milljónir króna á ári síðastliðin ár og hafa gert kirkjunni kleyft, ásamt stuðningi frá kirkju, ríki og borg frá 2009 – 2018, að borga niður 560 milljón króna skuld frá viðgerð ytra byrðis turnsins, sem lauk 2010, standa undir umfangsmiklum nýjum múrviðgerðum, ráðast í nauðsynlega endurnýjun í kirkjunni og halda úti öflugu starfi.

Langtímaskuld kirkjunnar vegna turnviðgerðanna nam 100 milljón króna um síðastliðin áramót. Vegna tekjuhruns í kjölfar COVID-faraldurs hefur afborgun þessa árs verið frestað.

Fyrir Covid-faraldurinn var hafist handa við að hrinda í framkvæmd áætlun um að þróa kirkjuturninn sem ferðamannastað. Það var talið nauðsynlegt vegna þess að alla ferðamannastaði þarf að þróa og á því sviði er margt að gerast í Reykjavík sem gæti dregið úr aðdráttafli turnsins fyrir ferðafólk vegna samkeppni frá öðrum stöðum. Einnig er heldur óhrjálegt um að litast á útsýnishæðunum og í raun ekki verið gengið þar frá eftir viðgerðarnar sem lauk 2010. Þá er þar kofi sem er svo sannarlega barn síns tíma en var reistur til þess að verja fólk fyrir veðri og vindum.

Stigið var það mikla framfaraspor 2019 að skipta um lyftu sem orðin var gömul og slitin og nú er komið nýtt og til muna hraðvirkara flutningstæki í lyftuopið. Enn er þó eftir að framkvæma ýmislegt sem tengist auknu öryggi við lyftuna og í kringum hana.

Sóknarnefnd tók einnig það skref að kaupa hugmynd Ólafs Elíassonar og Stúdíós hans í Berlín að endurhönnun 8. og 9. hæða kirkjuturnsins og tengingu þeirra við klukknaportið fyrir tvær milljónir króna. Þessi hugmynd liggur nú fyrir og bíður útfærslu og framkvæmdar. Það er sannfæring sóknarnefndar að listaverk Ólafs muni auka enn aðdráttarafli turnsins sem útsýnis- og íhugunarstaðar, ekki aðeins fyrir erlenda ferðamenn heldur einnig Íslendinga. Það skiptir Hallgrímskirkju og ekki síður bakhjarla hennar, kirkju, ríki og borg, miklu máli að ferðamannastraumur í kirkjuna taki fljótt við sér á ný eftir COVID þannig að unnt verði að standa undir þeim mikla viðgerðarkostnaði sem blasir við á næstu árum án þess að bakhjarlarnir þurfi að koma til skjalanna.

Kjarninn í þeirri þróun sem Hallgrímskirkja hefur í huga er hugmyndverk Ólafs Elíasonar og Stúdíós hans í Berlín sem tengir turnhæðirnar tvær og klukkuportið saman. Það að koma því fyrir kallar hinsvegar á verulegar hliðarframkvæmdir, ekki síst vegna öryggismála og endurhönnunar, nauðsynjar þess að fjarlægja járnbita og pall í turni, niðurrifs og uppbyggingar til þess að styðja við listaverkið svo og vegna gólflagna og gólfefna.

Verkefnið snýst um að endurhanna umhverfi Hallgrímskirkju í samstarfi við Ólaf Elíasson listamann með sérstakri ljósainnsetningu sem myndar ljósbrot/regnboga í um 500 m. radíus við kirkjuna. Jafnframt verður turn kirkjunnar endurgerður, bæði í viðhaldsskyni og til að styðja við speglainnsetningu sem upphefur liti og ljós innan hans og stuðlar að áttun og íhugun. Klukkur Hallgrímskirkju verða innrammaðar í allri sinni dýrð og komið fyrir stefnuvitum til þess að minna á Ísland sæfarenda og landkönnuða.

Ákveðið hefur verið að leita eftir stuðningi fjársterka aðila við kaup á hugmyndaverkinu sjálfu, sem kostar 50 milljónir, en óska um leið eftir atbeina ríkisstjórnar, borgarstjórnar og Þjóðkirkjunnar til þess að koma verkinu fyrir og tryggja umgerðina um það. Áætlað er að það muni kosta um 60 milljónir króna í heild.

Minnt skal á að þegar Hallgrímskirkja sat uppi með 560 milljón króna skuld eftir umfangsmiklar viðgerðir á turni kirkjunnar komu ríki, borg og kirkja til hjálpar um árabil með mikilvægan stuðning. Samtals lagði ríkið til um 90 milljónir að nafnvirði á tíu árum, frá 2008 til 2018, og Reykjavíkurborg svipaða upphæð. Þjóðkirkjan hefur á sama tíma lagt 120 milljón króna til þessa verkefnis. Í Hallgrímskirkju var sóknarnefndin þess fullviss að henni tækist að klára að greiða niður skuldir og standa undir framtíðarviðgerðum fyrir eigin vélarafli og með tilstyrk ferðafólks eftir að þessum stuðningi lauk 2018. COVID-faraldurinn setti þau áform öll úr skorðum.


Nú stendur vilji til þess að snúa dæminu við – sækja um stuðning til þess að þróa ferðamannastaðinn Hallgrímskirkju með listaverki Ólafs Elíassonar – til þess að tryggja að kirkjan

geti verið sjálfbær og staðið undir þeim mikla viðhalds- og endurnýjunarkostnaði sem henni fylgir næstu áratugi án þess að leita til bakhjarla sinna. Verk Ólafs verður, eins og reynslan sýnir frá borgum þar sem verk hans hafa verið sett upp, nýr segull bæði fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn og mun enn auka á alþjóðlegt orðspor Hallgrímskirkju sem eins af helstu íhugunarstöðum heims.

Hallgrímskirkja sækist eftir 20 milljón króna atfyllgi frá hverjum um sig, ríki, borg og kirkju. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra taldi verkefnið svo mikilvægt að hún ákvað að veita því brautargengi, samkvæmt formlegu bréfi þar um 8. desember sl., að því verði veittur 20 milljón króna styrkur. Vonir standa til þess að vilyrði fáið frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu í sömu veru.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Hallgrímskirkju

		
Einar Karl Haraldsson	Sigurður Árni Þórðarson	Sigríður Hjálmarsdóttir
formaður sóknarnefndar	sóknarprestur	framkvæmdastjóri

P.S. Vinsamlegast athugið að tillaga Ólafs Elíassonar er trúnaðargagn þar til listamaðurinn afléttir af því trúnaði.

Meðfylgjandi er slóð á tillögu Ólafs Elíassonar. Í tillögunni er myndband sem sýnir útfærslu verksins í því skoti:

<https://indd.adobe.com/view/2fc93b0e-a751-479d-b352-7ae2d5ae0235>

Reykjavík, 4. janúar 2021

Umsögn vegna óskar Hallgrímskirkju um stuðning við gerð listaverks eftir Ólaf Elíasson.

Hugmyndir þær sem lagðar eru fram til stuðning umsóknar um fjárhagslega aðkomu Reykjavíkurborgar að því að koma upp verki eftir Ólaf Elíasson í turni Hallgrímskirkju eru mjög áhugaverðar og til þess fallnar að uppfylla þær væntingar sem fram koma í erindi kirkjunnar. Væntingar þeirra standa einkum til þess að verkið tryggi flæði gesta í turninn og þá um leið fjárhagslegan rekstargrunn kirkjunnar en sem menningarauki í borginni hefur framkvæmdin tvímælalaust gildi. Hér er á ferðinni vönduð og áhugaverð hugmynd að listaverki sem er vel til þess fallin að auðga mannlíf og auka aðdráttarafl borgarinnar.

Verkið hefur til að bera mörg helstu höfundareinkenni Ólafs Elíassonar og ber þar helst að nefna samspil arkitektúrs og skynjunar jafnt sem upplifunar af turninum sjálfum og rými hans en einnig turninn sem kennileiti í borginni. Turninn gnæfir yfir borgina og minnir um margt á vita sem borgarbúar og gestir þeirra nýta sem kennileiti og vegvísi. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að ólíkir litir séu sýnilegir frá fyrirfram skilgreindum svæðum í nágrenni kirkjunnar og eykur það á áhugaverðar tengingar turnsins við nærumhverfið. Þetta er sá hluti verksins sem mest áhrif hefur á upplifun manna af umhverfi kirkjunnar og borgarlandslandslagið og því mikilvægt að tæknilegar útfærslur gangi upp til lengri tíma.

Hér er á ferðinni listaverk sem hefur alla burði til að vera menningarauki í borginni til framtíðar.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur



Reykjavík, 1. febrúar, 2021.

Umsögn vegna óskar um stuðning við að koma upp verki eftir Ólaf Elíasson í Hallgrímskirkjuturni

Í erindi frá sóknarnefnd Hallgrímskirkju til Reykjavíkurborgar er óskað eftir því að Reykjavíkurborg veiti 20 mkr í fjárhagslegan stuðning til að koma upp ljósaverki eftir Ólaf Elíasson í turni Hallgrímskirkju.

Í erindinu segir meðal annars að reynslan frá öðrum borgum sem sett hafi upp slík verk eftir Ólaf Elíasson sýni að þau verði nýr segull fyrir innlenda sem og erlenda ferðamenn.

Er það í takt við markmið nýrrar ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar þar sem áhersla er lögð á að styrkja enn frekar sjálfstæða ímynd Reykjavíkur sem áfangastaðar í hugum ferðamanna. Hallgrímskirkja, sem eitt helsta kennileiti borgarinnar, gæti því átt þátt í því að laða enn frekar innlenda sem erlenda gest til borgarinnar á grundvelli þess að hún sé lifandi og framsækin menningarborg. Í ferðamálastefnunni er enn fremur lögð rík áhersla á styðja við endurreisn ferðaþjónustunnar með öflugu markaðsátak í kjölfar heimsfaraldursins og gæti verkið stutt við þau markmið.

Verkið hefur einnig menningarlegt gildi í sjálfu sér en í meðfylgjandi umsögn safnstjóra Listasafns Reykjavíkur segir að hér sé á ferðinni verk sem hafi alla burði til að vera menningarauki í borginni til framtíðar. Þannig muni verkið koma til með að auðga menningarlíf borgarbúa. Er það einnig í samræmi við menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem leiðarljósið er að borgin gegni menningarlegu forystuhlutverki og byggji á skapandi hugsun, frumkvæði, metnaði og fjölbreytni.

Er því mælt með stuðningi borgarinnar við verkefnið, sé svigrúm til þess, en jafnframt bent á að hægt væri að skipta greiðslum á milli ára.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.



Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri menningar- og ferðamálasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Erindi sóknarnefndar Hallgrímskirkju varðandi listaverk í Hallgrímskirkjuturni

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um erindi frá sóknarnefnd Hallgrímskirkju þar sem óskað er eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við að koma upp listaverki Ólafs Elíassonar í turni kirkjunnar. Í erindinu kemur fram að sótt sé um 20 m.kr. og gangi áætlanir eftir muni kirkjan ráðast í framkvæmdir á árinu 2021. Til að fullfjármagna verkefnið hefur einnig verið sótt um sambærilegan styrk til ríkis og kirkju og hefur ríkið nú þegar samþykkt að styrkja verkefnið.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur ekki mat á verðmæti verkefnisins en fordæmi eru fyrir styrkveitingum til kirkjunnar. Til að mynda hefur Reykjavíkurborg ásamt ríkinu stutt kirkjuna um 90 m.kr. árin 2008-2018 til að mæta kostnaði við lagfæringu á ytra byrði kirkjuturnsins. Í erindi sóknarnefndar er bent á að markmið verkefnisins sé meðal annars að styrkja Hallgrímskirkju sem ferðamannastað enda hefur kirkjan stólað á tekjur frá ferðamannafólki sl. ár. Aðdráttarafl kirkjunnar sem ferðamannastaður myndi án efa hafa jákvæð áhrif fyrir borgina.

Samkvæmt upplýsingum frá menningar- og ferðamálasviði er ekki til fjárheimild hjá sviðinu til að mæta þessum kostnaði og því yrði að fjármagna þetta af ófyrirséð. Verði erindið samþykkt er lagt til að styrkveitingunni yrði dreift á nokkur ár.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*